

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kjalarnes, Esjumelar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 20. júní 2019, breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að rýmka heimildir fyrir iðnaðarstarfsemi með ákveðnum skilyrðum, á tiltekinni lóð á Esjumelum í samræmi við aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið. Jafnframt er gert ráð fyrir lóð undir veitumannvirki við norðvesturenda svæðisins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 76.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs þann 14. ágúst 2019, breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.2 vegna lóðarinnar nr. 76 við Laugaveg. Í breytingunni felst að breytt er texta í skilmálum varðandi nýtingu húsnæðis á jarðhæð þannig að heimilt verði að hafa verslun/þjónustu í rými 0102 á jarðhæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gefjunarbrunnur 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 30. ágúst 2019, breytingu á skilmálum deiliskipulags Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 10 við Gefjunarbrunn. Í breytingunni felst að skipta megi húsinu upp lóðrétt í tvær íbúðir í stað lárétt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sléttuvegur 25-27 og Skógarvegur 4-10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. ágúst 2019, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 25-27 við Sléttuveg og 4-10 við Skógarveg. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða við Sléttuveg 27 um 6 eða úr 54 í 60, breyting á gólfkóta í íbúðarhúsum við Skógarveg 4 og 10, bundin byggingarlína við vesturgافل er felld niður, breyting á lóðamörkum vegna göngustígs og breyting á fyrirkomulagi bílastæða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Háskóli Íslands.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. ágúst 2019, breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, austan Suðurgötu, vegna lóðanna nr. 41-43 við Suðurgötu og 29 og 31 við Hringbraut. Í breytingunni felst að fjölga stúdentaíbúðum á háskólasvæðinu með stækkun á Gamla Garði með viðbyggingu og hugsanlegri nýtingu Stapa fyrir stúdentaíbúðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Héðinsgata 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 18. júlí 2019, breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts til að koma fyrir 1-5 u.þ.b. 30 m² smáhúsum fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs Reykjavíkur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suður-Selás og Norðlingaholt.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs þann 4. september 2019, breytingu á deiliskipulagi Suður-Seláss og Norðlingaholts. Í breytingunni felst að deiliskipulagssvæðinu er skipt þannig að sá helmingur sem er vestan Breiðholtsbrautar verður hluti af hverfisskipulagi fyrir Selás og færast allir skilmálar fyrir það svæði yfir í hverfisskipulag Seláss. Austari hlutinn verður áfram hluti deiliskipulags milli Suður-Seláss og Norðlingaholts. Allir skilmálar fyrir austari hlutann eru óbreyttir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 11. september 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. september 2019